

Nd.

124. Tillaga

til þingsályktunar um bann gegn innflutningi útlendinga í atvinnuskyni.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson og Jón Kjartansson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa nú þegar út reglugerð samkv. heimild í lögum nr. 10, 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, þar sem girt sje fyrir, að útlendingar geti leitað sjer atvinnu hjer á landi meðan atvinnuvegirnir fullnægja ekki atvinnuþörf landsmanna.

Greinargerð.

Meðan slikt atvinnuleysi er rikjandi, sem nú á sjer stað, virðist full ástæða til að koma í veg fyrir, að útlendingar keppi um vinnuna við landsfólkið — enda er sá siður allra annara ríkja.